

Borgarráð
6. september 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kaup á Keldnalandi

Lagt er til að Reykjavíkurborg hefji þegar viðræður við ríkið vegna kaupa borgarinnar á landi Keldna til framtíðaruppbyggingar nýs þjóðarsjúkrahúss.

Greinargerð:

Mikilvægt er að Reykjavíkurborg verði í fararbroddi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með framtíðarskipulag fyrir staðsetningu nýs þjóðarsjúkrahúss. Reykjavík er höfuðborg landsins og ber skyldur umfram önnur sveitarfélög. Einnig ber höfuðborginni að vera leiðandi og hafa forystu um svo stórt verkefni sem nýtt þjóðarsjúkrahús er fyrir landsmenn alla. Land Keldna hentar afar vel í því tilliti þar sem aðgengi bæði á jörðu og í lofti er óumdeilt.